

Viðbrags- og Rýmingaráætlun fyrir skólahúsnæði Háskólans á Bifröst



Ef brunaviðvörðunarkerfið fer í gang skal unnið samkvæmt eftirfarandi rýmingaráætlun.

Í skólahúsnæðinu er viðurkennt brunaviðvörðunarkerfi undir sólarhringseftirliti Öryggismiðstöðvarinnar ehf.

Til staðar er út- ljós og neyðarlýsing.

Flóttaleiðir eru ellefu samtals. Útgangur sunnan við húsið við aðalinngang skólans, útgangur austan megin og norðan megin út á háskólatorgið. Einnig er útgangur vestan megin í nýju skólabyggingunni við kaffihúsið á Bifröst. Þrjú björgunarop á norðurhlið skólans sem liggja út á Háskólatorgið.

Í helvíti er útgangur í enda gangsins sunnan megin og liggur flóttaleið frá himnaríki og hreinsun þangað niður.

Við aðalinngang gamla skólans er útgangur við Kringlu og tveir útgangar í Hátíðarsal ásamt tveimur björgunaropum.

Listi yfir íbúa sem búa í skólanum er aðgengilegur í leigukerfi Háskólans á Bifröst í umsjón sviðsstjóra húsnæðis, einnig aðgengilegur þjónustustjóra og starfsmönnum viðhaldsdeildar. Sviðsstjóri húsnæðis hefur undir höndum upplýsingar um tímabundna gesti ásamt yfirmanni kaffihússins ef um aðra gesti er að ræða.

Öryggisvörður eða starfsmenn húsnæðissviðs fara að stjórnöflu brunaviðvörðunarkerfis og aðgæta hvaðan brunaboðin koma. Ef um eld er að ræða skal strax hringja í 112.

Hlutverk kennara og annarra starfsmanna við rýmingu skólans við eldsvoða eða aðra vá:

Starfsmenn húsnæðissviðs/annað starfsfólk undirbúa rýmingu skólans, hafa með sér masterslykla H2M til að komast inn í skólann og NN og 677M til að komast út úr skólanum. Lyklarnir eru aðgengilegir hjá starfsmönnum húsnæðissviðs eða í lyklakompu. Lyklakompan er á skrifstofu sviðsstjóra húsnæðissviðs, lykill 351 5 (fimman) gengur að lyklakompunni, sem allir starfsmenn eiga að vera með á sér. Skipta með sér verkum og ganga á alla vistina og öll rými skólans eins og hægt er. Yfirfara íbúalista og gestalista samhliða. Fara skal í skó og yfirhafnir ef aðstæður leyfa.

Kennarar aðstoða við rýmingu í þeirri stofu sem hann kennir í (Hrifla, Aðalból, Meistarastofa, Hátíðarsalur, Helvíti). Kennari vísar nemendum úr stofu á næstu opnu útgönguleið. Kennari þarf að kanna hvaða leið er fær. Ekki nota lyftuna.

Öryggisvörður eða starfsmenn húsnæðissviðs hafa samband við Öryggismiðstöðina ehf. í síma **530 2400** og tilkynna um eld eða gefa skýringar á brunaboðinu. Ef þörf krefur rýmir starfsfólk húsnæðissviðs/annað starfsfólk/kennarar bygginguna.

Sá sem síðastur fer úr stofu/rými skal loka dyrum á eftir sér til að draga úr reyklæði um bygginguna.

Söfnunarsvæði Háskólans á Bifröst er í Glanna í Hamragörðum á móts við inngang á Kaffihúsið á Bifröst. Ef nauðsynlegt er að hafa það úti við þá yrði það háskólatorgið á móts við Hamragarða.

Ef rýming Háskólans á Bifröst hefur reynst nauðsynleg þá fer sviðsstjóri húsnæðis eða staðgengill hans yfir íbúa- og/eða gestalista vistarinnar. Ef grunur leikur á að einhvern vanti skal tilkynna það sviðsstjóra húsnæðissviðs það eða staðgengil hans.

Sviðsstjóri húsnæðissviðs eða staðgengill hans fær upplýsingar um hvort einhverjir hafi orðið eftir inni og þá hversu margir og um hugsanlega staðsetningu þeirra.

Slökkvilið kemur á staðinn. Öryggisvörður eða starfsmenn húsnæðissviðs gefa stjórnenda slökkviliðs upplýsingar um hvort einhverjir og þá hversu margir hafi orðið eftir inni og um hugsanlega staðsetningu þeirra.

Öruggt skjól. Öllum safnað saman í Glanna í Hamragörðum/ á Háskólatorgi, færi eftir aðstæðum hverju sinni.

Allir taka þátt. Virkja skal sem flesta starfsmenn skólans í hlutverk t.d. að halda opnum dyrum og fl.

Ef börn hafa verið í skólanum þarf að láta foreldra vita. Hafa þá samband við foreldra/forráðamenn barna til að tryggja að upplýsingar um atburð berist eftir réttum leiðum.

Sálrænn stuðningur. Rektor ásamt sviðsstjórum metur hvort leita þurfi eftir aðstoð utanaðkomandi til að veita nemendum og starfsfólki og/eða foreldrum sálrænan stuðning eða áfallahjálp. Slökkvilið getur þá haft milligöngu um slíka aðstoð.

Kynntu þér eftirfarandi:

1. Rýmingaráætlun hvers húss sem þú starfar/kennir/nemur eða býrð í.
 - a) Tvær flóttaleiðir eða fleiri í hverju húsi.
 - b) Söfnunarsvæði
2. Útgönguleiðir og björgunarop
3. Staðsetningu og notkun brunaboða
4. Annan neyðarbúnað sem er til staðar, t.d. sjúkrakassa (á deskinu)

Útgönguleiðir eru:

Úr Hátíðarsal

1. Aðalinngangur við Kringlu sem eru tvöfaldar
2. Tvær tvöfaldar dyr inn í Hátíðarsal
3. Þrjú björgunarop á norðuhlið skólans sem liggja beint út á Háskólatorgið

Úr Himnaríki

1. Tvær útgönguleiðir í sitt hvorum enda gangsins
2. Annar stiginn liggur niður í Helvíti út um einfaldar dyr í suður að bílaplani
3. Hinn stiginn liggur niður að vesturinnangi við Kaffihúsið á Bifröst
4. Þrjú björgunarop á norðuhlið skólans sem liggja beint út á Háskólatorgið

Úr Hreinsun

1. Tvær útgönguleiðir í sitt hvorum enda gangsins
2. Annar stiginn liggur niður í Helvíti út um einfaldar dyr í suður að bílaplani
3. Hinn stiginn liggur niður að vesturinnangi við Kaffihúsið á Bifröst
4. Þrjú björgunarop á norðuhlið skólans sem liggja beint út á Háskólatorgið

Úr Helvíti

1. Tvær útgönguleiðir í sitt hvorum enda gangsins
2. Annar stiginn liggur í suður beint út á bílaplan
3. Hinn stiginn liggur upp að vesturinnangi við Kaffihúsið á Bifröst
4. Þrjú björgunarop á norðuhlið skólans sem liggja beint út á Háskólatorgið

Úr Hriflu

1. Fjórar útgönguleiðir í suður, norður, austur og vestur
2. Við aðalinngang skólans hjá deskinu í suður út á bílaplan
3. Í austur útgönguleið í gegnum einfaldar dyr út á campus
4. Í norður útgönguleið beint út á Háskólatorg
5. Í vestur útgönguleið við Kaffihúsið á Bifröst
6. Þrjú björgunarop á norðuhlið skólans sem liggja beint út á Háskólatorgið

Úr Aðalbóli

1. Beint niður stigann hjá Aðalbóli og útgönguleið í austur í gegnum einfaldar dyr út á campus

2. Beint niður stigann hjá Aðalbóli og útgönguleið bæði í norður út á Háskólatorg og í suður út á bílaplan
3. Niður stigann hjá Kaffistofu kennara að útgönguleið í suður við aðalinngang skólans út á bílaplan
4. Allur efri gangur beint áfram og niður hjá hreinsun í átt að vestur útgönguleið við Kaffihúsið á Bifröst
5. Þrjú björgunarop á norðuhlið skólans sem liggja beint út á Háskólatorgið

Úr Meistarastofu

1. Beint niður stigann hjá Aðalbóli og útgönguleið í austur í gegnum einfaldar dyr út á campus
2. Beint niður stigann hjá Aðalbóli og útgönguleið bæði í norður út á Háskólatorg og í suður út á bílaplan
3. Niður stigann hjá Kaffistofu kennara að útgönguleið í suður við aðalinngang skólans út á bílaplan
4. Allur efri gangur beint áfram og niður hjá hreinsun í átt að vestur útgönguleið við Kaffihúsið á Bifröst
5. Þrjú björgunarop á norðuhlið skólans sem liggja beint út á Háskólatorgið

Úr Kennaragangi/Kaffistofu

1. Niður stigann hjá Kaffistofu kennara að útgönguleið í suður við aðalinngang skólans út á bílaplan
2. Beint niður stigann hjá Aðalbóli og útgönguleið í austur í gegnum einfaldar dyr út á campus
3. Beint niður stigann hjá Aðalbóli og útgönguleið bæði í norður út á Háskólatorg og í suður út á bílaplan
4. Allur efri gangur beint áfram og niður hjá hreinsun í átt að vestur útgönguleið við Kaffihúsið á Bifröst

Endurskoða viðbragðs- og rýmingaráætlanir eftir 3 ár nema breytingar verði á húsaskipan.

Íris Hauksdóttir
Sviðsstjóri Húsnæðissviðs